



Jafnréttisáætlun Brekkuskóla 2018-2021

MEÐ AÐGERÐARÁÆTLUN

Efnisyfirlit

Jafnréttisáætlun Brekkuskóla 2018 -2021.....	2
Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála	2
Jafnréttisnefnd Brekkuskóla	2
Kynjasambætting.....	2
Starfsfólk.....	2
Laus störf	2
Laun	3
Starfsþjálfun og endurmenntun	3
Nefndir og ráð	4
Samræming starfs og einkalífs	4
Kynjabundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni	4
Nemendur	5
Fræðsla, kennsla- og námsgögn	5
Náms- og starfsfræðsla.....	5
Fjölmening.....	6
Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni	6
Samskipti við foreldra/forráðamenn.....	7
Endurskoðun	7
Hagnýtar upplýsingar:	7
Aðgerðaráætlun Brekkuskóla 2018-2021.....	7

Jafnréttisáætlun Brekkuskóla 2018 -2021

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar 2018-2021.

Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis allra starfsmanna og hins vegar jafnréttis allra nemenda.

Samþykkt af skólastjórnendum og á starfsmannafundum í mars 2019.

Mikilvægt er að kynna áætlunina fyrir starfsfólki á starfsmannafundi að hausti, nemendum við upphaf hvers skólaárs og foreldrum/forráðamönnum á heimasíðu skólans. Jafnréttisáætlun verður endurskoðuð og gerðar breytingartillögur ef þarf fyrir lok skólaárs 2020-2021.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála

Skólastjóri og jafnréttisnefnd Brekkuskóla bera ábyrgð á áætluninni í heild. Jafnréttisnefnd hefur það hlutverk að veita eftirfylgni, kanna hvort ábyrgðaraðilar séu búnir að gera það sem þeim var falið. Jafnréttisnefnd gefur skólastjóra skýrslu árlega um gang mála. Skólastjóri ber ábyrgð á að athugasemdum um stöðu jafnréttismála sé fylgt eftir.

Jafnréttisnefnd Brekkuskóla

Skipun þriggja til fjögurra aðila í jafnréttisnefnd skal miðast við haustdaga og þess gætt að kynjahlutföll séu sem jöfnust. Hlutverk jafnréttisnefndar Brekkuskóla er að vinna að stefnumörkun, leiðum til þess að jafnréttismál skólans séu í góðum farvegi og sjá til þess að jafnréttisáætluninni sé fylgt eftir. Enn fremur sér hún til þess að jafnréttisáætlun Brekkuskóla samræmist Aðalnámskrá grunnskóla.

Kynjasambætting

Úr 23. gr. Jafnréttislaga:

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfi. (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu sambætt allri starfsemi skólans, s.s. við stjórnun og kennslu. Einnig skal jafnrétti haft að leiðarljósi við stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð. Stefnt skal að því að flétta kynjasjónarmið inn í allar námsgreinar sem kenndar eru eftir því sem við á og unnt er.

Starfsfólk

Laus störf

Úr 18. gr. Jafnréttislaga:

„Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum“ Úr 20. gr. jafnréttislaga

„Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Markmið: Við nýráðningar í laus störf í Brekkuskóla verði leitast við að jafna kynjahlutfallið. Aðilum af báðum kynjum verði gefin jöfn tækifæri á að koma í viðtal.

Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur.

Leiðir: Í samræmi við Mannauðsstefnu Akureyrarbæjar skulu öll störf auglýst og bæði kyn hvött til að sækja um.

Hvernig: Í starfsauglýsingum verði vitnað til jafnréttisáætlunar skólans. Við ráðningar verði unnið í samræmi við verklagsreglur Akureyrarbæjar um ráðningar m.t.t. kynjasjónarmiða.

Hver: Skólastjóri.

Laun

Úr 19. gr. Jafnréttislaga:

„Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með launum í lögum þessum er átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans. (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Markmið: Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði og vinna að því að jafna laun kynjanna komi launamunur fyrir sömu eða sambærileg störf í ljós. Starfsmönnum er ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

Ábyrgðaraðili: Skólastjóri og starfsmannabjónusta.

Leiðir: Gerð verði úttekt þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum. Komi í ljós munur á launum karla og kvenna skal skólastjóri grípa til viðeigandi aðgerða, í samráði við jafnréttisráðgjafa og starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar, eigi síðar en við lok apríl 2019.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Úr 20. gr. jafnréttislaga:

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Markmið: Konum og körlum sem vinna sambærileg störf í skólanum skal til jafns standa til boða starfsþjálfun og endurmenntun.

Jafnréttisnefnd í samráði við starfsmannabjónustu skal hvetja til fræðslu um jafnréttismál og leiðir til þess að jafna stöðu allra. Öllum starfsmönnum skólans skal standa slík fræðsla til boða. Einnig skulu þeir eiga rétt á ráðgjöf og leiðsögn við einstök mál.

Ábyrgðaraðilar: Starfsmannabjónusta í samráði við stjórnendur skólans og jafnréttisnefnd.

Leiðir: Við gerð símenntunaráætlunar skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað. Starfsfólki skal standa til boða fræðsla um jafnréttismál í það minnsta annað hvert ár. Stefnt er að því að koma inn jafnréttisfræðslu á starfsmannafund í janúar 2019.

Nefndir og ráð

Ávallt skal leitast við að hlutfallslega jafnmargar konur og karlar sitji í öllum nefndum og ráðum á vegum Brekkuskóla. Þar sem mun fleiri konur en karlar vinna við skólann verður þetta ekki alltaf mögulegt en mikilvægt að hafa í huga mikilvægi jafnrar kynjasamsetningar þegar því verður við komið. Einnig skal skólinn tilnefna bæði konu og karl í hvert sinn sem hann tilnefnir í nefndir, stjórnir og ráð utan skólans. Málefnaleg rök skulu liggja fyrir ef vikið er frá þessum markmiðum (sjá 15. gr. laga nr. 10/2008).

Ábyrgðaraðilar: Skólastjórnendur.

Samræming starfs og einkalífs

Úr 21. gr. Jafnréttislaga:

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008). Útfærsla greinarinnar er í höndum stjórnenda.

Markmið: Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og að gott jafnvægi sé þar á milli. Reynt verði að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er.

Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur.

Leiðir: Til að gera báðum kynjum sem starfa í skólanum kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð er mikilvægt að starfsfólk hafi ákveðinn sveigjanleika. Báðir foreldrar eru hvattir til að sinna málefnum barna s.s. heimsóknnum í skóla og læknisferðum. Við lengri frítöku á starfstíma skóla gilda reglur fyrir starfsstéttir óháð kyni. Mikilvægt er að hvetja bæði kynin til að nýta fæðingarorlof og hvetja foreldra til að skipta með sér að vera heima vegna veikinda barna (Jafnréttisstefna Akureyrar 2016-2019).

Kynjabundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Úr 22. gr. Jafnréttislaga:

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Markmið: Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi á vinnustað á ekki að líðast. Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynjabundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni eða einelti.

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur skólans sem og allt starfsfólk skólans.

Leiðir: Hjá Akureyrarbæ er lögð áhersla á að starfsfólk bæjarins skapi og sé skapað umhverfi sem er laust við kynferðislega áreitni og einelti. Gerðar hafa verið leiðbeiningar fyrir bæjarkerfið um viðbrögð við kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti á vinnustöðum.

Leiðbeiningarnar skulu kynntar öllum starfsfólki á starfsmannafundi og vera aðgengilegar í starfsmannahandbók (Fjölskyldustefna Akureyrar). Leiðbeiningarnar eru hér: http://www.akureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/pdf/areitni_og_einelti_uppfardar_leidbeiningar.pdf

Nemendur

Fræðsla, kennsla- og námsgögn

Úr 23. gr. Jafnréttislaga:

„Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Úr 23. gr. Jafnréttislaga:

„Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Markmið: Að gætt sé í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis og að mætt sé þörfum allra í skólastarfinu. Grunnskólinn starfar samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2011. Markmið sem lúta að kennslu í jafnréttismálum eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar taka mið af því. Eitt grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem þýðir að við eigum að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali.

Ábyrgðaraðilar: Jafnréttisnefnd, skólastjórnendur og kennarar.

Leiðir: Einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla er jafnrétti. Mikilvægt er að kennarar hafi það í huga við skipulag kennslunnar. Gagnagrunnurinn www.jafnrettistorg.is er aðgengilegur fyrir kennara og þar má finna námsefni og verkefni sem eiga að fylgja jafnréttismarkmiðum aðalnámskrár. Einnig gefst kennurum þar tækifæri til að leggja inn verkefni og þannig má byggja upp góðan hugmynda- og verkefnabanka.

Á síðunni www.grunnskoli.kvenrettindafelag.is er einnig að finna námsefni og upplýsingar sem nýtast við kennslu.

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að nota ekki námsefni sem sýnir staðlaðar kynjaímyndir eða mismunar kynjunum að einhverju leyti gagnrýnislaust.

Náms- og starfsfræðsla

Úr 23. gr. Jafnréttislaga:

„Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Markmið: Mikilvægt er að kynna öllum nemendum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum.

Ábyrgðaraðilar: Námsráðgjafi.

Leiðir: Hér eru nefndar nokkrar leiðir sem mögulegar eru í náms- og starfsfræðslu.

- Atvinnukynningar í skólunum: Fólk af vinnumarkaðnum fengið til að halda stutta fyrirlestra og kynna sitt starf og svara fyrirspurnum. Leitast verði við að fá fólk sem hefur valið sér óhefðbundnar leiðir m.t.t. kyns í námi og starfi.
- Atvinnulífskynningar – Nemendur fá tækifæri til að kynna sér atvinnulífið. Hvatt verði til þess að nemendur prófi það sem hentar hverjum og einum.
- Áhugasviðsgreining – Slík greining standi til boða ef kostur er.
- Fyrirlestur – Fulltrúar frá Jafnréttisstofu fengnir til að kynna jafnréttislög, starfsemi stofunnar og jafnrétti með tilliti til launa og í almennum skilningi.

Fjölmening

Á Akureyri er mannlífið sífellt að verða fjölbreytilegra þar sem að hingað flytur fólk víða að úr heiminum. Fólk af erlendum uppruna sest að á Akureyri af misjöfnum ástæðum sem gerir það að verkum að nauðsynlegt er að horfa á þann möguleika að aðstaða kynjanna geti verið mismunandi varðandi ólíka menningarheima.

Markmið:

- að hagnýttur sé sá menningarlegi fjölbreytileiki sem nærsamfélagið býr yfir til náms og kennslu
- að gert sé ráð fyrir fjölbreytileika í öllum nemendahópum og nýta hann til að efla víðsýni og umburðarlyndi nemenda
- að lögð sé áhersla á að nemendur skilji og upplifi að í öllum samfélögum séu mismunandi menningarheimar
- að borin sé virðing fyrir öllum einstaklingum, ólíkri menningu og siðum

Ábyrgðaraðilar: Allir starfsmenn skólans.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Úr 22. gr. Jafnréttislaga:

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

Markmið: Skólastjórnendur skulu skv. lögum gera markvissar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjórnendur og annað starfsfólk.

Leiðir: Fræðsla um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár Brekkuskóla. Aðgerðaráætlun er til í starfsmannahandbók Akureyrarbæjar, ef upp kemur kynferðisleg eða kynbundin áreitni skal fylgja henni.

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Starfsfólk skólans skal gæta þess að útiloka ekki annað foreldri/forráðamann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu. Starfsfólk skal leitast við að virkja foreldra til samstarfs á grundvelli jafnréttis, m.a. með fræðslu fyrir foreldra um það efni sem börnum þeirra er kennt í tengslum við jafnrétti og hvetja þá til að ræða við börn sín um efnið.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjórnendur og kennarar.

Leiðir: Þegar haft er samband við foreldra/forráðamenn sé þess gætt að hafa ekki aðeins samskipti við móður. Ávallt skal leitast við að hvetja foreldra/forráðamenn, óháð kyni til virkni í foreldrastarfi og samskiptum sem að barni þeirra snúa.

Endurskoðun

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skal endurskoða jafnréttisáætlanir á þriggja ára fresti. Því verður lokið í júní árið 2021 og liggur þá fyrir áætlun næstu þrjú ár á eftir eða frá 2021-2024.

Hagnýtar upplýsingar:

Vefsíða Akureyrarbæjar um jafnréttis- og fjölskyldumál

<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samthykkir/jafnrettis-og-fjolskyldumal>

Kennsluefni fyrir eldri nemendur

<http://grunnskoli.kvenrettindafelag.is/>

Vefsíða Jafnréttisstofu:

<http://jafnretti.is/>

Síða sem hefur að geyma ýmislegt efni um jafnrétti m.a. námsefni:

<http://jafnrettistorg.is>

Aðgerðaráætlun Brekkuskóla 2018-2021

Ágúst/ sept 2018	Hefja umræðu um jafnréttisáætlun/jafnréttismál meðal starfsfólks og nemenda Jafnréttisáætlun kynnt og sett á heimasíðu skólans Að efla meðvitund starfsfólks um jafnréttissjónarmið og hvetja það til að setja upp kynjagleraugun við gerð kennsluáætlana Að efla meðvitund um fjölbreytta kennsluhætti	Fundur í jafnréttisnefnd Starfsmannafundur þar sem farið er í gegnum jafnréttisáætlun og athygli beint að námsefni. 1.-10. bekkur Kennarar hvattir til að ígrunda kennsluhætti sína með tilliti til ólíkra þarfa kynjanna.	Skólastjórnendur, kennarar og jafnréttisnefnd	30. sept
Okt- nóv 2018	Undirbúa fræðslu fyrir starfsfólk	Fræðsla á starfsmannfundi í janúar í kynjafræðum	Jafnréttisnefnd /stjórnendur	Janúar 2019
Desember 2018	Úttekt á kynjahlutfalli starfsmanna	Stjórnendur taka saman og kynna	Skólastjórnendur	
Janúar/feb 2019	Meta þátttöku foreldra á viðtalsdögum	Skrá hvort móðir, faðir eða báðir foreldrar mæti í viðtal	Umsjónarkennarar og jafnréttisnefnd	8. febrúar 2019
Feb- mars 2019	Vinna að jafnréttismálum í bekkjum	Vinna að jafnrétti á þemadögum	Kennarar og jafnréttisnefnd	Lok mars 2019
Maí – júní 2019	Að nýta upplýsingar til framþróunar	Áhersla lögð á naflaskoðun og ígrundun um kennsluhætti og námsumhverfi	Kennarar og skólastjórnendur	Júní 2019
Maí- júní 2019	Endurskoðun á jafnréttisáætlun	Lesið yfir áætlunina og koma með tillögur að breytingum	Skólastjóri og jafnréttisnefnd	Júní 2019
Maí – júní 2019	Tryggja að jafnréttissjónarmiðum sé framfylgt í skólastarfinu	Jafnréttisáætlun lögð fyrir skólaráð og nemendaráð og óskað eftir tillögum	Skólastjóri, jafnréttisnefnd og skólaráð	Júní 2019

		um breytingar ef þurfa þykir		
	Nemendur			
Tímabil	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímabil
Jafnt og þétt yfir árið	Nemendur fái fræðslu um jafnrétti m.a. með það að markmiði að búa kynin undir jafna þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Fræðsla frá kennurum og Jafnréttisstofu	Umsjónarkennarar skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafi	Jafnt og þétt yfir árið
Jafnt og þétt	Að skapa umræðu um jafnréttismál meðal starfsfólks og nemenda, m.a. um ólík störf og námstækifæri.	1. – 10. bekkur Starfsfólk er hvatt til að nýta þau tækifæri sem gefast til að ræða jafnréttismál og hlutverk og þarfir kynjanna	Umsjónar- og lífsleiknikennarar Náms- og starfsráðgjafi	Jafnt og þétt
Jafnt og þétt	Að nemendur fái þjálfun í að horfa gagnrýnum augum á efni og fræðslu.	Horfa á þátt eða mynd og gagnrýna með tilliti til jafnréttis	Umsjónar- og lífsleiknikennarar	Jafnt og þétt
Mars-apríl 2019	Þemavinna þar sem unnið er með jafnrétti	Hafa þema um jafnrétti, skoða blöð, augl og störf	Kennarar, jafnréttisnefnd og stjórnendur	Mars-apríl 2019
Maí –júní 2019	Að nemendur kynnist ólíkum störfum á vettvangi	Nemendur í 9. bekk fara í starfskynningar í ólík fyrirtæki. Nemendur hvattir til að prófa störf sem öllu jöfnu teljast frekar tilheyra hinu kyninu	Náms- og starfsráðgjafi	Júní 2019

Ágúst/ sept 2019	Hefja umræðu um jafnréttisáætlun/jafnréttismál meðal starfsfólks og nemenda Jafnréttisáætlun kynnt og sett á heimasíðu skólans Að efla meðvitund starfsfólks um jafnréttissjónarmið og hvetja það til að setja upp kynjagleraugun við gerð kennsluáætlana Að efla meðvitund um fjölbreytta kennsluhætti	Fundur í jafnréttisnefnd Starfsmannafundur þar sem farið er í gegnum jafnréttisáætlun og athygli beint að námsefni. 1.-10. bekkur Kennarar hvattir til að ígrunda kennsluhætti sína með tilliti til ólíkra þarfa kynjanna.	Skólastjórnendur, kennarar og jafnréttisnefnd	30. sept
Okt. 2019	Undirbúa fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk	Sett upp aðgerðaráætlun vetrarins	Jafnréttisnefnd/stjórnendur	Okt. 2019
Des 2019	Úttekt á kynjahlutfalli starfsmanna	Stjórnendur taka saman og kynna	Skólastjórnendur	Des 2019
Jan/feb 2020	Meta þátttöku foreldra á viðtalsdögum	Skrá hvort móðir, faðir eða báðir foreldrar mæti í viðtal	Umsjónarkennarar	8. febrúar 2020
Feb- mars 2020	Vinna að jafnréttismálum í bekkjum	Vinna að jafnrétti á þemadögum eða með öðru móti sem ákv. er að hausti	Jafnréttisnefnd, kennarar og stjórnendur	Lok mars 2020
Maí – júní 2020	Að nýta upplýsingar til framþróunar	Áhersla lögð á naflaskoðun og ígrundun um kennsluhætti og námsumhverfi í skólanum	Kennarar og skólastjórnendur	Júní 2020
Maí- júní 2019	Endurskoðun á jafnréttisáætlun	Lesið yfir áætlunina og koma með tillögum að breytingum	Skólastjóri	Júní 2020
Maí – júní 2020	Tryggja að jafnréttissjónarmiðum sé framfylgt í skólastarfinu	Jafnréttisáætlun lögð fyrir skólaráð og nemendaráð og óskað eftir tillögum um breytingar ef þurfa þykir	Skólastjóri	Júní 2020

	Nemendur			
Tímabil	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	
Jafnt og þétt yfir árið	Nemendur fá fræðslu um jafnrétti m.a. með það að markmiði að búa kynin undir jafna þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Fræðsla frá kennurum og Jafnréttisstofu	Umsjónarkennarar skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafi	Júní 2020
Jafnt og þétt	Að skapa umræðu um jafnréttismál meðal starfsfólks og nemenda, m.a. um ólík störf og námstækifæri.	1. – 10. bekkur Starfsfólk er hvatt til að nýta þau tækifæri sem gefast til að ræða jafnréttismál og hlutverk og þarfir kynjanna	Umsjónar- og lífsleiknikennarar Náms- og starfsráðgjafi	Júní 2020
Jafnt og þétt	Að nemendur fá þjálfun í að horfa gagnrýnum augum á efni.	Horfa á þátt eða mynd og gagnrýna með tilliti til jafnréttis	Umsjónar- og lífsleiknikennarar	Júní 2020
Mars-apríl 2020	Þemavinna þar sem unnið er með jafnrétti	Hafa þema um jafnrétti, skoða blöð, augl og störf	Jafnréttisnefnd og stjórnendur	Júní 2020
Mái – júní 2020	Að nemendur kynnist ólíkum störfum á vettvangi	Nemendur í 9. bekk fara í starfskynningar í ólík fyrirtæki. Nemendur hvattir til að prófa störf sem öllu jöfnu teljast frekar tilheyra hinu kyninu	Náms- og starfsráðgjafi	Júní 2020

Ágúst/ sept 2020	Hefja umræðu um jafnréttisáætlun/jafnréttismál meðal starfsfólks og nemenda Jafnréttisáætlun kynnt og sett á heimasíðu skólans Að efla meðvitund starfsfólks um jafnréttissjónarmið og hvetja það til að setja upp kynjagleraugun við gerð kennsluáætlana Að efla meðvitund um fjölbreytta kennsluhætti	Fundur í jafnréttisnefnd Starfsmannafundur þar sem farið er í gegnum jafnréttisáætlun og athygli beint að námsefni. 1.-10. bekkur Kennarar hvattir til að ígrunda kennsluhætti sína með tilliti til ólíkra þarfa kynjanna.	Skólastjórnendur, kennarar og jafnréttisnefnd	30. sept 2020
Okt-nóv 2020	Undirbúa fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk	Sett upp aðgerðaráætlun fyrir veturinn	Jafnréttisnefnd/stjórnendur	Janúar 2021
Des 2020	Úttekt á kynjahlutfalli starfsmanna	Stjórnendur taka saman og kynna	Skólastjórnendur	Des 2020
Jan/feb 2021	Meta þátttöku foreldra í viðtalsdögum	Skrá hvort móðir, faðir eða báðir foreldrar mæti í viðtal	Umsjónarkennarar	8. feb 2021
Feb-mars 2021	Vinna að jafnréttismálum í bekkjum	Vinna að jafnrétti á þemadögum eða með öðru móti sem ákv er að hausti	Jafnréttisnefnd, kennarar og stjórnendur	Lok mars 2021
Maí – júní 2021	Að nýta upplýsingar til frampróunar	Áhersla lögð á naflaskoðun og ígrundun um kennsluhætti og námsumhverfi	Kennarar og skólastjórnendur	Júní 2020
Maí-júní 2021	Endurskoðun á jafnréttisáætlun	Lesið yfir áætlunina og koma með tillögum að breytingum	Skólastjóri og jafnréttisnefnd	Júní 2021
Maí – júní 2021	Tryggja að jafnréttissjónarmiðum sé framfylgt í skólastarfinu	Jafnréttisáætlun lögð fyrir skólaráð og nemendaráð og óskað eftir tillögum um breytingar ef þurfa þykir	Skólastjóri, jafnréttisnefnd og skólaráð	Júní 2021

	Nemendur			
Tímabil	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	
Jafnt og þétt yfir árið	Nemendur fái fræðslu um jafnrétti m.a. með það að markmiði að búa kynin undir jafna þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Fræðsla frá kennurum og Jafnréttisstofu	Umsjónarkennarar skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafi	Júní 2021
Jafnt og þétt	Að skapa umræðu um jafnréttismál meðal starfsfólks og nemenda, m.a. um ólík störf og námstækifæri.	1. – 10. bekkur Starfsfólk er hvatt til að nýta þau tækifæri sem gefast til að ræða jafnréttismál og hlutverk og þarfir kynjanna Í náms- og starfsfræðslu verði sérstök áhersla á að kynna nemendum	Umsjónar- og lífsleiknikennarar Náms- og starfsráðgjafi og kennari sem sér um náms- og starfsfræðslu á öllum stigum	Júní 2021
Jafnt og þétt	Að nemendur fái þjálfun í að horfa gagnrýnum augum á efni.	Horfa á þátt eða mynd og gagnrýna með tilliti til jafnréttis	Umsjónar- og lífsleiknikennara	Júní 2021
Mars-apríl	Þemavinna þar sem unnið er með jafnrétti	Hafa þema um jafnrétti, skoða blöð, augl og störf	Jafnréttisnefnd og stjórnendur	Júní 2021
Maí - júní	Að nemendur kynnist ólíkum störfum á vettvangi	Nemendur í 9. bekk fara í starfskynningar í ólík fyrirtæki. Nemendur hvattir til að prófa störf sem öllu jöfnu teljast frekar tilheyra hinu kyninu	Náms- og starfsráðgjafi	Júní 2021